



Fjölbautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

STÝR3GD05

Stýritækni rafvirkjabraut

Kennari:	Jóhann Snorri Bjarnason johann.bjarna@fsu.is
----------	--

Áfangalýsing:

Í afanganum kynnast nemendur skynjaratækni og ýmsum gerðum skynjara, svo sem spanskynjara, rýmdarskynjara, þrýstiskynjara, hitaskynjara og hæðarskynjara. Þeir kynnast nokkrum gerðum af iðntölvum og notkun þeirra í iðnstýringum sem og tengingu þeirra við ýmsan jaðarbúnað, svo sem skjámyndakerfi. Megináherslan er lögð á að nemendur læri að skilja virkni og uppbyggingu iðntölvu og fái undirstöðuþjálfun í forritun og notkun forritunartækja og forritunarhugbúnaðar fyrir smærri iðntölvur. Þá er lögð áhersla á að þeir læri gerð flæðimynda fyrir stýringar, fái æfingu í gerð teikninga af iðntölvum og tengimynda fyrir þær sem og þann búnað sem þeim tengist. Auk þessa fer fram verkefnavinna og verklegar æfingar þar sem nemendur brjóta viðfangsefni áfangans til mergjar, tengja, prófa, mæla og taka saman niðurstöður. Lögð er áhersla á notkun mælitækja til að finna tengivillur og bilanir..

Undanfari: STÝR3GC05

Pekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Skynjaratækni með áherslu á virkni rýmdar-, span-, hita-, hæðar- og þrýstiskynjara.
- Helstu gerðum iðntölvu, notkun þeirra í iðnstýringum og tengingu þeirra við ýmsan jaðarbúnað, svo sem skjámyndahugbúnað.
- Uppbyggingu og virkni á litlum iðntölvum.
- Gerð flæðimynda fyrir stýringar.
- IEC 1131-staðlinum sem gildir fyrir forritun á iðntölvum.
- Forritunartækjum og forritunarhugbúnað fyrir iðntölvur.
- Helstu grunnskipanir í ladder-forritun

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Nota spennugjafa, grunneiningar, stafrænar inn- og útgangseiningar.
- Umrita segulliðastýringar yfir í ladder-forrit.
- Teikna tengimyndir af iðntölvum og þeim búnaði sem tengist þeim, t.d rofum og segulliðum, inn- og útgöngum.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Framkvæma bilanaleit í segulliðastýringum og iðntölvustýringum.
- Tengja iðntölvur og búnað sem tengist þeim á inn- og útgöngum.
- Tengja stýri- og kraftrásir skammhlaups-mótora

Námsefni:

- Gögn í INNU

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
33.-34.	18. – 27. ágúst.	<ul style="list-style-type: none"> - Kennsla hefst mið. 18. ágúst. - Námsáætlun áfangans kynnt - Upprifjun 	FBD verkefni
35.-38.	28. ágúst. -24. september.	<ul style="list-style-type: none"> - Forritun PLC 	FBD verkefni
39.-40.	24. september. -8. október -	<ul style="list-style-type: none"> - Skjámyndagerð - Fasarit 	VisiLogic
41.-43.	9. október - 29. október	<ul style="list-style-type: none"> - Skjámyndagerð - Skynjarar - Hliðræn merki 	VisiLogic

Sérreglur áfangans:

Við námsmat er stuðst við verkefnaskil, ástundundun og umgengni. Lágmarks einkunn er 5 til að standast áfangann.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkleg farni	FBD Verkefni	40%
Verkleg farni	VisiLogic verkefni	40%
Verkleg farni	Fasarit	10%
Ástundun	Virkni, áhugi og mætingu	10%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

17. ágúst 2023

Jóhann Snorri Bjarnason